

en því að ákærðu Hreinn og Halldór greiði in solidum málsvarnarlaun Skúla Pálssonar hrl., kr. 50.000,00, ákærði Tryggvi greiði einn málsvarnarlaun Sveins Snorrasonar hrl., kr. 40.000,00, ákærði Snæbjörn greiði einn málsvarnarlaun Guðríðar Þorsteinsdóttur hdl., kr. 40.000,00 og ákærði Gunnar greiði einn málsvarnarlaun Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 40.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 15. febrúar 1988.

Nr. 13/1987. **Aco hf.**

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

gegn

**Málningu hf.**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Endurgreiðsla víxils.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1987. Hann gerir þær kröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 205.341,02 krónur með 31% ársvöxtum af 13.800,00 krónum frá 1. febrúar 1980 til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1981, með 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 4. desember 1981, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 26. janúar 1982, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 af 205.341,02 krónum frá þeim degi til gildistöku dags laga nr. 25/1987, 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags

er krafist hæstu lögleyfðra dráttarvaxta samkvæmt 10. sbr. 14. og 15. gr. þeirra laga. Til vara krefst hann þess að stefndi verði dæmdur til að greiða 190.341,02 krónur með 37% ársvöxtum frá 4. desember 1981 til stefnubirtingardags í héraði, 26. janúar 1982, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til gildistökudags laga nr. 25/1987, 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags er krafist hæstu lögleyfðra dráttarvaxta samkvæmt 10. sbr. 14. og 15. gr. þeirra laga. Til þrautavara gerir hann kröfu um krónur 180.341,02 með sömu vöxtum og í varakröfu greinir. Í öllum tilfellum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

## I.

Með samningi 17. mars 1978 keypti hið stefnda hlutafélag 5 Burroughs vélar af Tölvutækni hf. Vélarnar komu hingað til lands frá Noregi og virðast hafa verið afhentar kaupanda í desember 1978. Stefndi taldi vélarnar gallaðar og sendi Tölvutækni hf. bréf 12. desember 1978 þar sem í meginmáli segir:

„Með tilvísun til samtals við yður leyfum við okkur að senda yður afrit af álitserð STG Rafeinda og Stýritækni á tækjum þeim, sem við höfum kvartað yfir.

Eins og ofangreind álitserð ber með sér eru tækin notuð og óskum við eftir skriflegum skýringum sem fyrst.“

Bréfi þessu svaraði Tölvutækni hf. 18. desember og fylgdi álitserð um ástand vélanna. Í bréfinu segir m.a.:

„Okkur þykir með ólíkindum að Burroughs Corporation myndi senda okkur notaða vél til að fylla upp í pöntun yðar, en augljóst er að hér þarf að útskýra ástand ýmissa vélahluta og lagfæra aðra, t.d. „gler yfir prentara“. Það er von okkar að meðfylgjandi álitserð geti skýrt þessa hluti.

Eftir að þér hafið athugað álitserð þessa, óskum við eftir fundi við yður til ráðagerða um hvaða stefnu eigi að taka í þessu máli. Ennfremur getum við haft samband við Burroughs í Noregi og Sviss til að fá nánari upplýsingar.“

Hinn 28. desember 1978 ritaði Tölvutækni hf. enn bréf til stefnda, og segir þar, að í framhaldi af samtali séu send heimilisföng, síma- og telexnúmer Burroughs A/S í Noregi.

Stefndi sendi telex til Burroughs A/S í Noregi 5. janúar 1979. Segir þar, að samningur hafi verið gerður um kaup á tölvu frá „noree norway“, en hún hafi reynst notuð. Er þess beiðst, að athugað sé hver verið hafi ferill vélarinnar frá framleiðsludegi.

Fyrirtæki í Reykjavík, sem á þessum tíma virðist hafa haft umboð fyrir Bourroughs International í Sviss, sendi stefnda innanbæjar telexskeyti 11. janúar 1979. Segir þar að komið hafi telexskeyti frá Sviss og er það síðan tekið upp í heild. Þar segir, að eftir upplýsingum frá Noregi hafi vélin verið notuð til sýninga í Noregi í 2-3 vikur en sé ógölluð („in perfect shape“). Beiðst er gagna, bæði ljósmynda og tækniskýrslu.

Stefndi ritaði bréf til Burroughs International S.A. í Sviss 29. janúar 1979. Segir þar að umbednar upplýsingar fylgi og að fyrirtækið sé þess fullvisst að um notaðan búnað sé að tefla. Það hafi bundið verulegt fé vegna viðskiptanna og skjótra viðbragða sé því þörf.

Með telexskeyti 1. mars 1979 beiddist stefndi upplýsinga frá Sviss um það, hvernig mál þetta stæði. Í sams konar skeyti 18. apríl segir, að hið svissneska fyrirtæki sé hvatt til að aðhafast eitthvað í málinu, áður en það sé afhent lögfræðingum stefnda. Hinn 20. apríl barst stefnda skeyti frá Sviss þar sem segir, að 1.000 dollarar séu á leið í pósti sem greiðsla á umsömdum bótum. Þessu svaraði stefndi samdægurs. Kveðst hann undrast skeytið, enda hafi bætur ekki verið samþykktar og muni aldrei verða. Samningur hafi verið gerður um kaup á nýrri vél, en að því er virðist hafi sýningarvél verið send. Þetta geti stefndi ekki samþykkt og verði að biðja um endurgreiðslu með vöxtum og um að vélin verði tekin aftur. Frá Sviss kom enn skeyti 25. apríl. Segir í því það eitt að beiðst sé afsökunar á að skeytið frá 20. apríl hafi ranglega verið sent stefnda. Það hafi átt að fara til dreifingarfyrirtækis sendanda á Íslandi.

Þegar þetta gerðist hafði sambandi Tölvutækni hf. og Burroughs International verið slitið og með samningi 1. mars 1979 hafði áfrýjandi gerst umboðsmaður þess fyrirtækis hér á landi. Tölvutækni hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 25. apríl 1979.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf frá stefnda til áfrýjanda dagsett 29. maí 1979. Þar segir í upphafi:

„Með tilvísun til samkomulags við framkvæmdastjóra yðar um sölu á TC 5000 mini Computer leyfum við okkur að gefa upp það verð, sem við viljum fá fyrir tækið.“ Síðan er þetta atriði rakið en að lokum sagt:

„Hjálagður er tryggingarvixill fyrir söluverðinu, sem við biðjum yður að samþykkja.“

Tryggingarvixill þessi var samþykktur af áfrýjanda.

Vélar þær, sem mál þetta snýst um, tók áfrýjandi í sína vörslu um sama leyti og hann samþykkti tryggingarvixil þann, sem lýst var.

Hinn 18. febrúar 1980 ritaði stefndi bréf til áfrýjanda þar sem m.a. sagði:

„Í byrjun ársins 1979 fórum við fram á endurgreiðslu frá Burrough's vegna kaupa á tölvu, sem reyndist óvæfengjanlega notuð þegar hún var afhent okkur.

Lítið gekk í þeim málum en þó mun Burroughs hafa sent einhverjar óverulegar bætur til ykkar. Bætti þar lítið um að þáverandi umboðsmenn Burroughs, Tövlutækni, gáfu sig upp til gjaldþrotaskipta um það leyti.

Í maímánuði 1979 var tölvunni skilað til yðar sem umboðsmanns Burroughs og voru höfð góð orð um það af yður að selja tölvuna, þannig að við fengjum okkar peninga sem fyrst til baka.

Í dag 18. febrúar hefur ekkert skeð ennþá og er þolinmæði okkar nú þrotin. Til þess að byrja með munum við sýna til greiðslu í Múlaútibúi Landsbanka Íslands hinn 3. mars 1980 tryggingarvixil þann sem þér samþykktuð, en gefa yður kost á að semja um greiðslu á eftirstöðvum heildarkröfunnar sem nemur í dag ásamt með vaxta-greiðslum um það bil kr. 11.500.000,00.“

Áfrýjandi svaraði bréfinu 20. febrúar og segir m.a. í svarinu, eftir að rakin hafa verið nokkur atriði varðandi viðskipti stefnda og Burroughs International S.A.:

„Upp úr þessum samskiptum ... varð að samkomulagi milli okkar að Aco hf. gerði tilraun til þess að selja umrædda vél og var talið eðlilegt að vélin væri í húsakynnum Aco hf., meðan þetta væri reynt.

Þegar við ætluðum að sýna vélina með okkar forritum kom í ljós

að það reyndist ókleift vegna lítils minnis (þ.e. aðeins 28 KB), enda vélin keypt sem skráningarvél en ekki sem sjálfstæð tölva. Yður var tilkynnt þetta og jafnframt að ACO hf. væri tilbúið að kaupa fyrir yður viðbótarminni í vélina til þess að hægt væri að vinna önnur verkefni á vélina.

Þessu tilboði tókuð þér að sjálfsögðu ...

Þar sem þér eruð ekki ánægður með að vélin skuli ekki vera seld enn, þ.e. 6 vikum eftir að við höfum keypt nauðsynlega hluti til þess að svo megi verða, gerum við það að tillögu okkar að þér auglýsið vélina sérstaklega og munum við þá aðstoða yður eins og við frekast getum.

Ef þér á hinn bóginn teljið það ekki rétt finnst okkur eðlilegast að þér takið vélina hið fyrsta til að forða okkur frá frekari óþægindum af þessu máli, enda eru þessi viðskipti Tölvutækni hf. og Málningar hf. okkur að öllu leyti óviðkomandi. Jafnframt krefjumst við þess að þér greiðið þá hluti, þ.e. „5 × BD 4016 Memory cards“ kr. 1.380.000,- þar sem þessi stykki eru ekki nothæf í aðrar vélar á landinu, auk þess þann kostnað er við höfðum orðið fyrir vegna þessarar sölutilraunar. Ennfremur afhendingu á tryggingarvixli sem ACO hf. samþykkti við móttöku vélarinnar sem tryggingu fyrir andvirði vélarinnar ef seld yrði eða vélinni sjálfri ef ekki tækist að selja vélina ...“.

Hinn 29. febrúar 1980 sendi stefndi telexskeyti til Burroughs International í Sviss. Segir þar að of lengi hafi verið beðið aðgerða, og séu nú settir þeir úrslitakostir, að sendur verði fulltrúi með umboði til að semja um kröfu stefnda eða krafan verði afhent lög-  
mönnum til innheimtu.

Hinn 4. mars 1980 sendi svissneska fyrirtækið telexskeyti til áfrýjanda. Þar segir, að álitid hafi verið að málið væri leyst með greiðslu 1000 dollara bóta. Þess var beiðst, að samband yrði haft við stefnda þegar í stað og beðið um skýringar. Jafnframt barst stefnda skeyti frá Sviss þar sem sagði að málinu hefði verið vísað til áfrýjanda, sem væri dreifingaraðili Burroughs á Íslandi. Í skeyti 10. mars frá Sviss til stefnda sagði, að málið hafi verið afhent lögfræðingi fyrir-  
tækisins og að samband verði haft við stefnda.

Hinn 17. apríl 1980 ritaði lögmannsstofa innheimtubréf til áfrýjanda og krafðist greiðslu tryggingarvixils þess, sem fyrr getur. Síðar

var höfðað bæjarþingsmál til innheimtu víxilsins og gekk dómur í því 23. október 1981. Segir þar m.a.:

„Mál þetta er höfðað sem víxilmál. Stefnandi hefur lagt fram víxil sem er lögformlegur og með formlegri heimild sér til handa.

Gegn andmælum stefnanda verður ekki komið að í þessu máli öðrum vörnum en þeim er greinir í 208. gr. laga nr. 85/1936. Af hálfu stefnda hefur ekki verið komið fram með neinar slíkar varnar-ástæður og ber með hliðsjón af því að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti ...“

Dómsorðið er þannig: „Stefndi, Aco h.f. greiði stefnanda Málningu h.f., kr. 79.732,64 með 4,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 11. apríl 1980 til greiðsludags, kr. 627,00 í afsagnar- og stimpilkostnað og kr. 14.100,00 í málskostnað ...“

Áfrýjandi greiddi lögmanni stefnda 4. desember 1981 vegna dómsins 166.541,02 krónur.

Hinn 23. apríl 1980 kærði framkvæmdastjóri áfrýjanda vanskil á tryggingarvíxli þeim, sem bæjarþingsmálið fjallaði um til rannsóknarlögreglu ríkisins. Rannsókn fór fram, en 21. september 1981 ritaði saksóknari rannsóknarlögreglunni og tók fram, að gögn málsins þættu ekki gefa efni til frekari aðgerða af hálfu ákærvalds.

Skýrslur voru gefnar í máli þessu á bæjarþingi Kópavogs.

## II.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

Greitt vegna víxilmáls	kr. 166.541,02
Verð aukabúnaðar	“ 13.800,00
Kostnaður við sölutilraunir	“ 10.000,00
Lögmannskostnaður	“ 15.000,00
	<hr/>
	kr. 205.341,02

Áfrýjandi kveður málið rekið sem skaðabótamál á grundvelli 209. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936. Bæjarþingsdómurinn 23. október 1981 hafi byggst á réttarfarsreglum um víxla og því hafi áfrýjun verið tilgangslaus. Dómurinn segi hins vegar ekkert um greiðsluskyldu að lokum, en tryggingarvíxillinn hafi ekki falið í sér greiðsluskuldbindingu. Hafi víxlar lengi verið notaðir í ýmiss konar lögskiptum og feli samþykki á víxli alls ekki alltaf í sér slíka skuldbindingu. Ekki

hafi verið efnisleg skilyrði til innheimtu tryggingarvixilisins, sem áfrýjandi samþykkti 29. maí 1979 og hafi áfrýjandi vegna bæjarþingsdómsins orðið fyrir bótaskyldu fjártjóni.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að áfrýjandi hafi samþykkt tryggingarvixil um leið og hann tók við tölvubúnaði þeim, sem stefndi hafi löglega rift kaupum á með skeyti til Burroughs International í Sviss 20. apríl 1979, ef ekki fyrr. Hafi þetta verið liður í samkomulagi, sem í raun hafi falið í sér greiðslufrest, er stefndi hafði veitt. Hafi stefndi ekki haft ástæðu til að ætla annað en áfrýjandi kæmi fram sem umboðsmaður hins erlenda fyrirtækis, þegar samkomulagið var gert. Stefndi hafi því átt efnislega kröfu á áfrýjanda og sé ekki bótaskyldur vegna vixildómsins 1981.

### III.

Hér að framan hafa þau skjöl verið rakin, sem sýna samskipti aðila máls þessa fram til þess tíma, er stefndi höfðaði vixilmál á bæjarþingi Reykjavíkur. Þar koma einnig fram afskipti Tölvutækni hf. og hins alþjóðlega fyrirtækis Burroughs af viðskiptum þeim, er málið varðar. Í þessum gögnum er ekkert, sem sýni, að áfrýjandi hafi gefið beint loforð um að greiða stefnda þá fjárhæð, sem áfrýjandi var dæmdur til að greiða með bæjarþingsdómnum 23. október 1981.

Áfrýjandi var umboðsmaður hins erlenda fyrirtækis Burroughs hér á landi frá 1. mars 1979. Hvorki málsskjöl né lagareglur leiða þó til þess að með því hafi áfrýjandi orðið skuldbundinn til að greiða stefnda það fé, sem hann krafðist, hvort sem riftun hafði farið fram með lögmaetum hætti eða ekki.

Það er enn fremur álitaefni í máli þessu, hvort gerðir fyrirsvartanna áfrýjanda hafi verið með þeim hætti að jafngilt hafi loforði um að greiða þá fjárhæð, sem tryggingarvixillinn, sem marggetið er, segir. Samþykki vixilsins veitir líkur fyrir því að svo hafi verið. Almennt verður það ekki talin verslunartíska, að samþykktir séu tryggingarvixlar sem kvittun fyrir móttöku vöru, sem samþykkjandinn ætlar að hafa til sölumeðfarðar fyrir annan aðila án þess að vera skuldbundinn til að greiða vixilfjárhæðina. Þess er hins vegar að gæta, að þess var getið, að um tryggingarvixil var að ræða með áritun á skjalið sjálf. Jafnframt er ljóst af skeyti stefnda til Sviss 29. febrúar 1980, sem getið er hér að framan, að á þessum degi

taldi stefndi sig enn eiga ósamið við hið erlenda fyrirtæki. Veitir það líkur fyrir því, að hann hafi ekki talið sig eiga efniskröfur á áfrýjanda. Þegar virt er að stefndi átti ekki kröfu til þess að lögum, að áfrýjandi skuldbindi sig til greiðslu í maí 1979 og að í samþykki tryggingarvixils felst ekki ótvírætt greiðsluloforð verður ekki talið nægilega fram komið, að áfrýjandi hafi orðið skuldbundinn til hinnar umdeildu greiðslu með gerðum, sem lagðar verði að jöfnu við orðað loforð.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefnda verður í máli þessu gert að greiða áfrýjanda það tjón, sem hann varð fyrir, er hann greiddi dómskuldbundinn eftir dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 23. október 1981, en það var eins og áður greinir 4. desember sama ár.

Í máli þessu hefur áfrýjandi einnig krafist úr hendi stefnda þess fjár, sem áfrýjandi greiddi fyrir aukabúnað í tæki þau, sem hann hafði til sölu og hafði tekið við frá stefnda. Ekki er nægilega sannað, að stefndi hafi skuldbundið sig til að greiða búnaðinn og verður því að kröfu stefnda að hafna þessum lið í kröfum áfrýjanda.

Þá hefur áfrýjandi gert kröfu um að stefndi greiði sér 10.000,00 krónur vegna kostnaðar við sölutilraunir. Ekki verður talið, að stefndi hafi beint eða óbeint lofað að greiða þennan kostnað eða að skuldbindingu um að greiða hann leiði af samskiptum aðilanna. Verður því einnig að hafna þessum kröfuflið.

Áfrýjandi hefur einnig krafist endurgreiðslu lögmannskostnaðar vegna víxilmáls aðila. Þegar framkvæmdastjóri áfrýjanda samþykkti margnefndan tryggingarvixil skapaðist veruleg óvissa milli aðila þessa máls. Þykir eftir meginreglunni í 178. gr. laga nr. 85/1936 eiga að hafna þessari kröfu áfrýjanda.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda verður gert að greiða áfrýjanda 166.541,02 krónur.

Stefndi hefur ekki sérstaklega mótmælt vaxtakröfu áfrýjanda sem verður tekin til greina eins og í dómsorði greinir.

Rétt er að málskostnaður falli niður í héraði og fyrr Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Málning hf., greiði áfrýjanda, Aco hf., 166.541,02 krónur með 37% ársvöxtum frá 4. desember 1981 til 26. janúar

1982, með dómvöxtum eftir lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987 og með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags í samræmi við 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 sbr. 14. gr. og 15. gr. sömu laga.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.  
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur bæjarþings Kópavogs 21. október 1986.**

Mál þetta, sem fyrst var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, hinn 9. maí 1986 var endurflutt 21. október 1986 og dómtekið á ný að loknum munnlegum málflutningi þann dag, er höfðað af Aco hf., nnr. 0004-7503, Laugavegi 168, Reykjavík með stefnu birtri 26. janúar 1982 á hendur Málningu hf., nnr. 6319-1078, Kársnesbraut 32, Kópavogi, til endurheimtu á greiðslu dómsskuldar, vaxta og alls kostnaðar vegna dóms bæjarþings Reykjavíkur frá 23. október 1981, til heimtu andvirðis tölvu-minnis og greiðslna fyrir geymslu á tölvu og tölvubúnaði í húsnæði Aco hf., Laugavegi 168, Reykjavík.

Mál þetta var tekið út af reglulegu bæjarþingi 29. apríl 1982 og úthlutað þáverandi héraðsdómara í Kópavogi, Ólafi St. Sigurðssyni héraðsdómara. Með bréfi dags. 14. september 1984 var hann skipaður setudómari skv. sérstakri umboðsskrá í ofangreindu máli, en honum hafði skömmu áður verið veitt ársleyfi frá störfum.

Bæjarfógeti úthlutaði viðkomandi héraðsdómara málinu til úrlausnar, hinn 1. október 1985.

Málið fluttu f.h. stefnanda Anna Theódóra Gunnarsdóttir lögfræðingur í umboði Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl. og f.h. stefnda Ásdís Rafnar lögfræðingur í umboði Guðmundar Péturssonar hrl., báðar sem þriðju próf-raun sína til þess að öðlast leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, sbr. 14. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær: Aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 205.341,02 með 31% ársvöxtum af kr. 13.800,00 frá 1. febrúar 1980 til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 1. júní 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 1. mars 1981 til 1. júní 1981, með 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 1. júní 1981 til 4. desember 1981, með 37% ársvöxtum frá 4. desember 1981 til stefnubirtingardags af stefnufjárhæðinni kr. 205.341,02 en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 191.541,02 með 37%

ársvöxtum frá 4. desember 1981 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 181.541,02 með 37% ársvöxtum frá 4. desember 1981 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði algjörlega sýknaður í máli þessu og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

#### *Málsástæður og önnur atvik.*

Aðdraganda málaferla þessara má rekja til þess, að með kaupsamningi milli stefnda og Tölvutækni hf., dags. 14. mars 1978, keypti stefndi tölvu af Tölvutækni hf., umboðsaðila Burroughs Corporations hér á landi. Strax við móttöku tölvunnar í desember 1978 taldi stefndi tölvuna haldna ýmsum alvarlegum göllum og varan, sem hann hefði mótttekið, hefði ekki samsvarað lýsingu í kaupsamningi. Stefndi kom kvörtunum tafarlaust á framfæri við Tölvutækni hf. Tölvutækni benti stefnda á að hafa samband við Burroughs International S/A í Fribourg í Sviss og umboðsaðila þeirra í Noregi, en tölvan var send þaðan, en forstjóri Tölvutækni var um þessar mundir að láta af störfum hjá fyrirtækinu, og var Tölvutækni hf. tekið til gjaldþrotaskipta fyrri hluta árs 1979. Stefndi fór að ráðum forstjóra Tölvutækni hf., og setti sig í samband við ofangreinda aðila. Stefnandi tók að sér umboð fyrir Burroughs Corporations á Íslandi í apríl 1979, og var honum sem slíkum falið af Burroughs International S/A að bjóða stefnda \$ 1.000,00 í afslátt á verði tölvunnar vegna galla sem Burroughs International S/A viðurkenndi að tölvan væri haldin. Það mun stefnandi hafa gert. Ennfremur liggur fyrir að Burroughs International S/A hafi haft milliliðalaust samband við stefnda en síðan beðist afsökunar á þeim mistökum sínum, þar sem þeim hafi borið að snúa sér til umboðsaðila sinna hér á landi. Þegar hér var komið sögu, hafði stefndi beint riftunarkröfu sinni til Burroughs International S/A. Þessi atburðir gerðust allir fyrri hluta árs 1979.

Síðan gerist það að samkomulag verður milli stefnda og stefnanda, þess efnis að stefnandi taki tölvuna í húsakynni sín og reyni að selja hana. Við móttöku tölvunnar samþykkti stefnandi, að beiðni stefnda, tryggingarvæxil að fjárhæð gkr. 7.973.264,00, með útgáfudag 29. maí 1979 og með gjald-daga við sýningu á árinu 1980.

Þegar tölvan seldist ekki krafði stefndi stefnanda um greiðslu andvirðis

tryggingarvixilisins, en þegar stefnandi synjaði um greiðslu, þá setti stefndi hann í innheimtu. Viðbrögð stefnanda við innheimtuáðgerðum stefnda voru þau að kæra stefnda til rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir meint misferli stefnda varðandi vixilinn. Rannsókn ákærvaldsins gaf ekki tilefni til frekari áðgerða af þess hálfu.

Stefnandi var því dæmdur í vixilmáli samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 23. október 1981 til þess að greiða stefnda fjárhæð umrædds tryggingarvixils auk dráttarvaxta, afsagnar-, stimpilkostnaðar og málskostnaðar. Greiddi stefnandi stefnda fjárhæð þessa, samtals kr. 166.541,02 hinn 4. desember 1981 með fyrirvara um endurheimtu fjárens í sérstöku dómsmáli, sbr. 2. mgr. 209. gr. eml. nr. 85/1936.

Af hálfu stefnanda er mál þetta rekið á grundvelli 2. mgr. 209. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Í stefnu reisir stefnandi kröfur sínar á því að með honum og stefnda hafi aðeins tekist samkomulag um það að stefnandi reyndi að selja tölvuna og tölvubúnaðinn fyrir stefnda.

Tryggingarvixilinn kveðst stefnandi hafa talið átt að gegna því tvíþætta hlutverki að tryggja endurheimtu tölvunnar og tölvubúnaðarins ef verðmæti þessi seldust ekki, en kaupverð þeirra ef þau seldust. Komi þetta hvað skýrast fram í því, að stefnandi hafi hvorki fært tölvuna og tölvubúnaðinn til eigna í bókhaldi sínu né tryggingarvixilinn til skulda.

Í málflutningi stefnanda er á því byggt að með því að reyna sölu á umræddum tölvubúnaði leit stefnandi aldrei svo á að hann væri þar með að ganga inn í samning Tölvutækni hf. við stefnda. Þó svo að stefnandi hafi tekið að sér umboð það sem Tölvutækni hf. hafði áður haft, þá taldi hann sig á engan hátt bundinn af skuldbindingum þess fyrirtækis. Stefnandi féllst á málaleitan stefnda vegna þess að hann leit svo á að með þeim hætti væri hann að treysta viðskiptagrundvöll sinn. Stefnandi Aco hf. heldur því fram að forstjóri fyrirtækisins hafi litið á samþykki sitt á tryggingarvixlinum sem einhverskonar kvittun fyrir móttöku tölvubúnaðarins, en hann hafi hins vegar aldrei litið svo á að þar með væri hann að taka við tölvubúnaðinum úr höndum stefnda fyrir fullt og allt. Hafi það verið fyrir vanþekkingu á eðli og tilgangi tryggingarvixla og eins fyrir beina vangæslu að forstjóri stefnanda, sem sé skýrslufræðingur að mennt og á þessum tíma hafði litla reynslu af viðskiptum, hafi samþykkt nefndan tryggingarvixil.

Þá var á því byggt að óumdeilt sé að upphaflegur kaupsamningur um nefndan tölvubúnað var gerður milli Tölvutækni hf. og stefnda. Stefnandi geti einungis riftað kaupunum gagnvart seljanda vörunnar. Riftun stefnda gagnvart stefnanda hafi ekkert lagalegt gildi þar sem stefnandi hafi hvorki komið nálægt hinum upphaflegu viðskiptum né hafi haft umboð til að semja um slíkt. Ennfremur byggir stefnandi á því, að stefndi geti ekki riftað

kaupunum gagnvart Burroughs International S/A, þar sem viðskiptin hafi ekki farið fram í nafni Burroughs International S/A og þeir því ekki verið aðili umrædds samnings. Umboð það er Tölvutækni hf. hafi haft hafi verið þess efnis að Tölvutækni hf. hafi haft einkaaðstöðu hér á landi til að selja tölvur og tölvubúnað frá Burroughs. Tölvutækni hf. hafi keypt vélarnar af framleiðandanum og selt þær síðan í eigin nafni og fyrir eigin reikning. Hafi því ekki verið um umboð að ræða í skilningi samningalaganna nr. 7/1936.

Ennfremur var á því byggt í málflutningi stefnanda að álitamál væri hvort þeir gallar sem tölvan var haldin væru svo verulegir að þeir gætu orðið tilefni riftunar.

Varðandi kaup á viðbótarminni, þá var á því byggt af hálfu stefnanda að viðurkennt sé af stefnda að stefnandi hafi borið kaupin undir hann og hafi stefndi samþykkt þau. Tölvan hafi verið í eigu stefnda og stefnandi hafi verið að reyna að selja hana fyrir stefnda. Kaup á viðbótarminni hafi verið til að auka sölulíkur tölvunnar. Stefnandi telur því að samkomulag hafi náðst um það að stefndi greiddi fyrir kaup á tölvuminninu. Sama gildi um leigu, sem krafist sé vegna geymslu á tölvubúnaðinum.

Að lokum var á því byggt af hálfu stefnanda að athugun á bókhaldsgögnum stefnda leiði í ljós að það hafi fyrst verið í lok árs 1980 sem tryggingarvixillinn hafi verið færður inn í bækur stefnda. Hafi stefndi litið svo á, að hann hafi rift kaupunum á árinu 1979 þegar hann afhenti stefnanda tölvuna og tók við tryggingarvixlinum, þá hafi það átt að koma fram í bókhaldi stefnda í lok árs 1979. Með þessu vilji stefnandi vekja athygli á því að á þessum tíma hafi stefndi sjálfur ekki litið svo á, að tekist hafi samningur um riftun á kaupunum. Ennfremur styður skeytið sem stefndi sendi Burroughs International S/A 29. febrúar 1980 þá skoðun stefnanda að stefndi hafi á þeim tíma litið á málið sem óútkljáð.

Í greinargerð stefnda er á því byggt að enginn vafi hafi verið á því, að stefndi hafi lagalegan grundvöll til þess að rifta kaupunum og skila tækinu aftur og krefjast endurgreiðslu, skv. heimild í 42. - 54. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Ennfremur sé enginn vafi á því að með því að samþykka tryggingarvixilinn, þá hafi umboðsmaður framleiðandans fallist á að endurgreiða þá fjárhæð. Samþykki stefnanda á vixlinum hafi verið skilyrðislaust, sbr. 26. gr. vixillaga nr. 93/1933.

Að lokum mótmælti stefndi í greinargerð fjárhæðum dómkröfu í stefnu sem of háum. Stefnandi hafi þurft að greiða stefnda kr. 166.541,02 samkvæmt uppgjöri vegna dóms bæjarþings Reykjavíkur frá 23. október 1981. Við þessa fjárhæð hafi stefndi bætt kr. 38.800,00, sem muni vera andvirði tölvuminnis og greiðslur fyrir geymslu á tölvu og tölvubúnaði í

húsnæði stefnanda. Þessum viðbótarkröfum sé tölulega mótmælt af hálfu stefnda.

Í mállutningi var á því byggt af hálfu stefnda að tölvan hafi verið haldin verulegum göllum þegar stefndi fékk hana afhenta, þar sem hún hafi ekki einungis verið notuð heldur hafi a.m.k. hlutar hennar verið gamlir. Þá er á því byggt að það hafi verið tekið skýrt til orða við Burroughs International S/A, þegar stefndi tjáði þeim í skeyti, dags. 20. apríl 1979, að hann hafnaði afslætti \$ 1.000,- og kvaðst vilja rifta kaupunum vegna sammingsrofa seljanda. Hafi stefndi síðan beint riftunarkröfu sinni að stefnanda sem hann hafi titið á sem umboðsaðila Burroughs International S/A hér á landi. Stefndi segist hafa titið svo á að sá samningur hafi tekist milli sín og stefnanda, að stefnandi tæki aftur við tölvunni og hafi stefnandi samþykkt tryggingarvixil að fjárhæð gkr. 7.973.264,00. Hafi verið um mun hærrí fjárhæð að ræða en söliverðmæti tölvunnar hafi numið, sem megi rekja til þess að stefndi hafi haldið fast við þá kröfu sína að fá allan kostnað sinn af þessum viðskiptum endurgreiddan. Með vixlinum, sem hafi verið sýningarvixill, þá hafi stefndi titið svo á að hann hafi veitt umboðinu og framleiðandanum ótilgreindan greiðslufrest á þessari upphæð.

Af hálfu stefnda var því haldið fram að bindandi samkomulag hafi tekist með honum og framkvæmdastjóra stefnanda f.h. stefnanda um endurgreiðslu tölvunnar og annars kostnaðar stefnda vegna hennar, þegar framkvæmdastjóri stefnanda samþykkti vixil fyrir fjárhæðum stefnda og tók tölvuna í sína vörslu. Samþykki stefnanda á vixlinum var athugasemdalaust af hans hálfu. Með því gaf stefnandi stefnda loforð um að verða við þeim tilmælum hans að greiða vixilfjárhæðina. Á þeim gerningi hafi engir gallar verið sem valdið geti ógildingu hans. Af því leiði að hann hafi að öllu leyti verið skuldbindandi fyrir stefnanda.

Þá benti stefndi ennfremur á að stefnandi þekkti vel til samskipta stefnda við Burroughs International S/A. Stefnanda hafi verið kunnugt um það að Burroughs International S/A hafi vísað stefnda á stefnanda sem umboðsaðila sinn hér á landi. Ennfremur hafi stefnanda verið vel kunnugt um það að stefndi ætlaði aldrei að sætta sig við annað en endurgreiðslu á tölvunni. Stefnanda hafi verið fyllilega ljós tilgangur stefnda með útgáfu vixilsins. Ennfremur hafi framkvæmdastjóra stefnanda verið fyllilega kunnugt um, að stefndi taldi stefnanda annast erindrekstur í málinu af hálfu Burroughs International S/A, sem hann mátti gera m.a. vegna tilboðsins um afslátt af hálfu Burroughs International S/A.

Þá var á því byggt af hálfu stefnda að óumdeilt sé, að vixillinn hafi fullnægt formskilyrðum vixla og verið vixill í skilningi vixillaga, enda skilorðsbindi heitið „tryggingarvixill“ skjalið ekki á nokkurn hátt, þar sem engar sérreglur gildi um tryggingarvixla.

Þeirri fullyrðingu stefnanda að hann hafi ekki þekkt eðli og tilgang tryggingarvixla var af hálfu stefnda alfarið vísað á bug.

Stefndi hafði ekki ástæðu til að ætla annað, en stefnandi vildi með samþykki sínu á vixlinum gangast undir þessa fjárskuldbindingu, þ.e. hafi í raun tekið ákvörðun að skuldbinda sig samkvæmt efni og eðli skjalsins. Stefndi hafði fulla ástæðu til þess að líta á stefnanda sem viðsemjanda sinn fyrir hönd Burroughs International S/A. Skuldbinding stefnanda samkvæmt vixlinum stofnaðist ekki fyrir einhliða aðgerðir af hálfu stefnda, því að gerningurinn komst á fyrir tilstilli beggja, stefnanda og stefnda.

Þá var því mótmælt af hálfu stefnda að það hefði þýðingu í máli þessu hvernig hann hefði fært umræddan vixil í bókhaldi sínu.

Aðilar máls, f.h. stefnanda Áki Jónsson framkvæmdastjóri og f.h. stefnda Stefán Guðjónsen framkvæmdastjóri, gáfu aðilaskýrslu fyrir dómi. Ennfremur kom fyrir dóm sem vitni Kristinn Gils Sigtryggsson, lög-giltur endurskoðandi.

#### *Forsendur og niðurstaða:*

Óumdeilt er að það samkomulag tókst á milli framkvæmdastjóra stefnda annars vegar og framkvæmdastjóra stefnanda hins vegar að stefnandi tæki að sér að selja tölvu þá, sem um er deilt í málinu.

Á hinn bóginn er deilt um réttaráhrif tryggingarvixils sem stefnandi samþykkti við móttöku tölvunnar í húsakynnum sínum.

Þegar samskipti stefnda við Burroughs International S/A í Sviss eru virt, verður á það fallist með stefnda að hann hafði ástæðu til þess að líta á stefnanda sem viðsemjanda sinn fyrir Burroughs International S/A þegar það samkomulag varð milli stefnanda og stefnda að stefnandi reyndi að selja tölvuna í húsakynnum sínum og samþykkti jafnframt tryggingarvixil til tryggingar greiðslu andvirðis tölvunnar auk hluta áfallins kostnaðar. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að stefndi hafi haft ástæðu til að ætla annað en stefnandi hafi með samþykki sínu á umræddum vixli tekið þá ákvörðun að skuldbinda sig samkvæmt efni og eðli skjalsins, enda hafi stefnandi ekki skilorðsbundið samþykki sitt með neinum hætti.

Þá leysir það stefnanda eigi undan skuldbindingu þeirri sem samþykki vixlisins lagði honum á herðar að hann hafi ekki þekkt eðli og tilgang tryggingarvixla. Fráleitt er að menntun stefnanda, en hann er kerfisfræðingur, geti leitt til ógildingar samningsins, enda hefur stefnandi eigi fært fram nein gögn sem bendi til þess að ákvæði 3. kafla samningalaga nr. 7/1936 eigi við um lögskipti aðila að því er varðar tilurð ofangreinds tryggingarvixils.

Ennfremur lítur dómurinn svo á að þar sem stefndi hafði ekki ástæðu til að ætla annað en stefnandi myndi standa við greiðsluloforð sitt samkvæmt efni vixilsins, þá leysi sú huglæga afstaða stefnanda hana eigi undan

greiðsluskuldbindingu sinni, að það hafi aldrei verið ætlun hans að greiða stefnda andvirði tölvunnar, tækist honum ekki að selja hana.

Ennfremur verður á það fallist með stefnda að orðið „tryggingarvixill“ skilorðsbundi skjalið ekki í merkingu 1. mgr. 26. gr. vixillaga nr. 93/1933. Skjalið fullnægir skilyrðum 1. gr. nefndra laga um form vixla og getur verið vixill í skilningi vixillaga. Vixillinn var sýningarvixill, og var ákvæðum 1. mgr. 34. gr. vixillaga fullnægt þar sem hann var sýndur á greiðslustað í Landsbanka Íslands og afsagður þar sökum greiðslufalls hinn 11. apríl 1980, en vixillinn hafði verið útgefinn 29. maí 1979.

Dómurinn lítur svo á að með samþykki sínu á títtnefndum tryggingarvixli hafi stefnandi gefið stefnda bindandi greiðsluloforð og þegar af þeirri ástæðu sé hann bundinn af því samkvæmt efni sínu, enda engir þeir gallar á löggerningnum sem valda eiga ógildingunni hans. Verður þegar af þeirri ástæðu eigi fjallað frekar um aðrar málsástæður stefnanda sem hann byggir kröfu sína á.

Þá er næst á það að líta hvort stefnandi eigi kröfu á stefnda vegna kaupa stefnanda á viðbótarminni í tölvuna kr. 13.800,00 auk kostnaðar við geymslu og sölutilrauna, kr. 10.000,00 og lögmanskostnaðar stefnanda vegna málsins kr. 15.000,00, samtals kr. 38.800,00.

Óumdeilt er að stefnandi bar undir stefnda kaup á viðbótarminni sem stefndi samþykkti, en gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki tekist að sanna að samkomulag hafi náðst um það að stefndi greiddi fyrir kaupin á tölvuminninu. Á sömu forsendu er því hafnað að stefnda beri að greiða kostnað við geymslu og sölutilraunir. Með vísan til niðurstöðu málsins er því hafnað, að stefndi beri lögmanskostnað stefnanda kr. 15.000,00.

Niðurstaðan er því sú að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt 177. gr. laga nr. 85/1936 þykir stefnandi bera að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 48.000,-.

Dráttur hefur orðið á dómsuppkvaðningu sem rekja má til mikilla anna dómara vegna rannsóknar umfangsmikils opinbers máls sem dómara var úthlutað í þann mund sem hann dómtók málið fyrra sinni.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Málning hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Aco hf.

Stefnandi greiði stefnda kr. 48.000,- í málskostnað.

Greiðsla fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.